



# Bjarni Benediksson, bréf til Rafmagnsstjórans í Reykjavík 10. mars 1933

---

Bjarni Benediktsson – Bjarni Benediksson, bréf til Rafmagnsstjórans í Reykjavík 10. mars 1933

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-3, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 10.mars 1930.

Í byrjun febrúarmánaðar s.l. var komið á Skólavörðustíg 11, þar sem eg lá þá veikur hjá foreldrum mínum, með reikning á mig frá Rafmagnsveitunni upp á ca. 22,- kr. fyrir rafmagnsnotkun í einhverju húsi á Lindargötu. Innheimtumanninum var þegar skýrt frá, að þessi skuld væri mér með öllu óviðkomandi og hlyti að vera átt við einhvern annan mann en mig, en mér varí sem sagt með öllu ókunnugt um hver sá maður væri eða yfirleitt um uppruna þessarar skuldar. Innheimtumaðurinn virtist láta þetta gott heita, og taldi eg víst að þessi, í sjáfu sér meinlausu skyssa, yrði lagferð óg skuldin færð af mínu nafni. Svo var þéð ekki. Því að er komið var 1.mars með rafmagnsreikning fyrir íbúð mína á Laugaveg 18 a var þessi Lindargötu upphæð færð inn á hann. Eg greiddi þegar í stað mína réttu skuld og fékk kvittun fyrir henni, og þar sem eg skýrði fyrir innheimtumanninum, að hin upphæðin væri mér óviðkomandi, og hann virtist skilja það, á taldi eg, að nú mundi eg laus frá frekari ásóknun út af þessu. En 7. mars er enn komið til mín og þessi upphæð heimtu greidd. Er eg neitaði að greiða hana var mér, þrátt fyrir útskýringar mínar, afhent skrifleg hótun um, að eg greiddi ekki fyrir 14. ím. mundi verða lokað fyrir rafmagnsstrauminn til mín þann 14. Sama dag bringði eg á skrifstofu rafveitunnar, mótumalti þessari aðferð og fór fram á, að jafnframt því, sem mér yrði veitt skýring hvernig á þessu atferli staði, fengi eg skriflega afsökunarbeiðni, svo sem eg alsaklaus hefði nú fengið skriflega hótun. Þrátt fyrir áskorun mína fékk eg enga skýringu og enn er afsökunarbeiðnin ekki komin. Hinsvegar líður nú að 14. mars og þar sem eg hefði enga gagnstaða yfirlýsingu í höndum, má eg, skv. undanfarinni framkomu skrifstofu yðar, búast við að fyrnefnd hótun verði framkvæmd.



Af þessum sökum sé eg mig neyddan til að snúa mér til yðar herra rafmagnsstjóri, og fara þess á leit, að þér skerist í málið og hlut-  
ist til um, að mér verði gerð grein fyrir hinni vægast sagt kynlegu framkomu undirmanna yðar og eg fái hina sjálfsögðu afsökunarbeiðni á því atferli, að með skriflegri hótun átti að hræða mig til að greiða skuli, sem eg hefði þrívær sýnt fram á, að veri mér með öllu óviðkomandi.

Virðingarfyllt

Til  
rafmagnstjórans í Reykjavík.